

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 390/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagsins eða umflutning um Bandalagið á kjöti eða villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikanínum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2206 frá 22. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikanínum til Sambandsins.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2206, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. janúar 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Nr. 13

7. janúar 2021

Fylgiskjal.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2206

frá 22. desember 2020

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraett, tilteknunum villtum landspendýrum og alikanínum til Sambandsins

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis ⁽¹⁾, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar og 4. liður) og 9. gr. (inngangsorð og c-liður 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra og kröfur vegna útgáfu vottorða í tengslum við aðflutning til Sambandsins á sendingum með tilteknun kjöti af villtum dýrum af héraett, villtum landspendýrum og alikanínum. Nánar tiltekið eru í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 talin upp þau þriðju lönd og hlutar þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á súlikum sendingum til Sambandsins.
- 2) Breska konungsríkið hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir, sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 119/2009, til þess að Breska konungsríkið verði fært á skrá í 1. hluta I. viðauka við þá reglugerð eftir að aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Ílands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), lýkur, með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Íland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Íland/Norður-Íland við útgöngusamninginn, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun. Að teknu tilliti til þeirra ábyrgða sem Breska konungsríkið létt í té að fá að fá ekki komandi þriðja land á skrá í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009.
- 3) Því aðtti að breytu I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 til samræmis við það.
- 4) Þar eð aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í útgöngusamningnum, lýkur 31. desember 2020 aðtti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastaneftdarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMPYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Ursula VON DER LEYEN

(¹) Stjórd. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(²) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 frá 9. febrúar 2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagins eða umflutning um Bandalagið á kjöti af villtum dýrum af héraett, tilteknunum villtum landspendýrum og alikanínum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýrafurðir (Stjórd. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12).

Nr. 13

7. janúar 2021

VÍÐAUKI

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi færslu fyrir Breska konungsríkið er bætt við á eftir færslunni fyrir Rússland:

„Breska konungsríkið(*)	GB	WL	RM	WM	“
-------------------------	----	----	----	----	---

- 2) Eftirfarandi athugasemd varðandi færsluna fyrir Breska konungsríkið er bætt við aftast í skrána yfir þriðju lönd og hluta þeirra og viðbótarábyrgðir:

„(*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.“

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2021